



FORSENDUR OG MARKMIÐ

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020 til og með 2023



1. Inngangur

Bæjarráð Reykjanessbæjar hefur samþykkt verklag við gerð fjárhagsáætlunar og er einn liður í því vinnuferli að taka saman helstu forsendur fjárhagsáætlunar í eitt skjal svo allir, bæði embættismenn og kjörnir fulltrúar, vinni út frá sömu forsendum. Í þessu skjali eru sett fram fjárhagsleg markmið en þjónustumarkmið birtast hins vegar í starfsáætlunum hvers sviðs. Einnig er hér að finna umfjöllun um helstu viðhaldsframkvæmdir sem vitað er að ráðast þurfi í á næstunni. Fyrir vinnu við fjárhagsáætlun samþykkti bæjarráð að lágmarks framlegð A-hluta yrði 11,8%. Það er von okkar að þessi samantekt helstu forsenda auðveldi og bæti vinnu við gerð fjárhagsáætlunar Reykjanessbæjar.

Virðingarfyllt
Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri.

2. Markmið

Fjármálastjórn Reykjanessbæjar skal ávallt vera í samræmi við lög og reglur sem gilda um fjármál sveitarfélaga á hverjum tíma. Markmið Reykjanessbæjar við gerð fjárhagsáætlunar 2020 og þriggja ára áætlunar 2021 til og með 2023 byggja annars vegar á fjármálareglum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og hins vegar reglum Reykjanessbæjar um gerð fjárhagsáætlunar.

Reykjanessbær starfar eftir aðlögunaráætlun sveitarfélagsins sem var samþykkt var á árinu 2018 í bæjarstjórn og staðfest hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga í júní 2019. Fjárhagsáætlun 2020 og þriggja ára áætlun 2021–2023 mun leysa upphaflegu aðlögunaráætlunina af hólmi og verða gildandi aðlögunaráætlun sveitarfélagsins að lokinni afgreiðslu hennar í desember 2019 og samþykki eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Grundvallarhlutverk bæjarsjóðs, A-hluta Reykjanessbæjar, er að veita íbúum bæjarins góða og skilvirka þjónustu.

2.1 Markmið um þjónustu

Gerð er grein fyrir stefnum, markmiðum og áformum varðandi þjónustu bæjarins í starfsáætlunum fagsviða og fyrirtækja í B-hluta samstæðu bæjarins.

2.2 Markmið um jafnvægi í rekstri A-hluta og samstæðu A og B hluta Reykjanessbæjar

Skylt er að haga fjárhagsáætlun þannig að rekstrargjöld séu fjármögnuð með tekjum af rekstri. Í 64. gr. laga nr. 138/2011 er kveðið á um að sveitarstjórn skuli sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Lögin gera þess vegna kröfu um að heildarútgjöld til rekstrar vegna samstæðu skuli á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum (jafnvægisreglan). Þannig má segja að tekjuáætlun til næstu fjögurra ára marki útgjaldaból A-hluta og samstæðu A og B hluta. Þetta markmið felur í sér:

- Að bæði A-hluti og samstæða A og B hluta þurfa á hverju ári að vera rekin með afgangi.
- Að yfir hvert þriggja ára tímabil séu rekstrartekjur A-hluta og samstæðu A og B hluta hærri en rekstrargjöld.
- Að bæjarsjóður Reykjanessbæjar og samstæða bæjarins verði rekin með tekjuafgangi út tímabilið.



Markmið um jafnvægi í rekstri tengist eftirfarandi þáttum:

- Tekjur – útsvar, fasteignagjöld, þjónustugjöld
- Íbúafjöldi
- Launakostnaður
- Annar rekstrarkostnaður
- Rekstrarniðurstaða skili afgangi til greiðslu skulda og skuldbindinga.

2.3 Markmið um hámark skulda og skuldbindinga í A–hluta og samstæðu A og B hluta Reykjanesbæjar

Rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða A–hluta skal ráðstafað þannig að bæjarsjóður geti til framtíðar sinnt skylduverkefnum sínum á hverjum tíma. Þetta felur í sér kröfu um að heildarskuldir og skuldbindingar nemi að hámarki 150% af reglubundnum tekjum, sbr. 64. gr. laga nr. 138/2011 og reglugerðar nr. 458/2018 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og er hér eftir vísað í það sem skuldaviðmið. Lagaákvæðið kallar á markmið um hóflega og sjálfbæra skuldsetningu.

Grunnfjárfestingar í stofnframkvæmdum eru lágmarkaðar við 450 m.kr. en beiðni um heimild hækkunar í 700 m.kr. liggur óafgreidd hjá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Vegna íbúafjölgunar er gert ráð fyrir byggingu 1. áfanga nýs skóla, Stapaskóla. Gert er ráð fyrir um 2.000 m.kr. fjárfestingu vegna þessa verkefnis á árinu 2020 og um 650 m.kr. á árunum 2021 og 2023. Á árunum 2020 til 2022 er gert ráð fyrir 300 m.kr. framlagi Reykjanesbæjar til byggingar á nýju hjúkrunarheimili.

Vegna þessara miklu fjárfestinga er gert ráð fyrir lítilsháttar aukningu skulda í A–hluta.

2.4 Markmið tengd aðlögun að fjármálareglum sveitarfélaga

Þau sveitarfélög sem uppfylla ekki fjármálareglur sveitarfélaga skv. 64. grein laga nr. 138/2011 er gert skylt að leggja fram áætlun fyrir Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (svokallaða aðlögunaráætlun) um hvernig og hvenær þau ráðgera að uppfylla kröfu um 150% skuldaviðmið. Sveitarfélög fengu 10 ár frá gildistöku laganna árið 2012 til að ná skuldaviðmiði sínu niður.

Með samkomulagi við kröfuhafa um endurskipulagningu efnahagsreiknings Reykjanesbæjar og sóknaráætlun um bættan rekstur sveitarfélagsins hefur náðst á undanförunum árum talsverður árangur í rekstri og mikilvægir áfangar við að ná framangreindum markmiðum um skuldaviðmið.

Reykjanesbær lagði fyrst fram aðlögunaráætlun á árinu 2017 fyrir eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga sem nefndin samþykkti. Með fjárhagsáætlun 2019 og 3ja ára áætlun til ársins 2022 var sú áætlun uppfærð. Áfram er gert ráð fyrir að eitt af meginmarkmiðum aðlögunaráætlunar náist en það er að komast undir 150% skuldaviðmið eins og það var sett fram í upphaflegri aðlögunaráætlun.

2.5 Markmið tengd greiðsluhæfi A–hluta

Greiðslubyrði vegna skulda og skuldbindinga A–hlutans er vel viðráðanleg á næstu árum. Reykjanesbær lauk endurskipulagningu efnahags Reykjaneshafnar árið 2018 og tók á sig skuldir og skuldbindingar hafnarinnar með endurfjármögnun. Með auknum útsvarstekjum og bættis rekstrar bæjarsjóðs hefur framlegð aukist og mun aukast áfram á næstu fjórum árum skv. áætluninni. Greiðsluhæfi bæjarsjóðs er því ágætt á framangreindu tímabili.



2.6 Markmið varðandi fjárhagslegt gagnsæi

Ítarlegar fjárhagslegar upplýsingar um A-hluta skulu vera aðgengilegar fyrir almenning. Þar er átt við að á vef bæjarins verði hægt að nálgast fjárhagsupplýsingar varðandi rekstur bæjarfélagsins:

- Fjárhagsáætlun
- Mánaðarleg rekstraryfirlit
- Árshlutauppgjör
- Ársreikninga
- Viðauka við fjárhagsáætlun

3. Framsetning áætlunar og rekstur málaflokka

3.1 Framsetning áætlunar


Frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar samanstendur af rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir A-hluta og samstæðureikning A og B-hluta. A-hluti, öðru nafni bæjarsjóður, samanstendur af aðalsjóði, eignasjóði og umhverfismiðstöð, sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem eru í meirihlutaeigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Fráveita Reykjanesbæjar, Reykjaneshöfn, HS Veitur hf., Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf. (EFF), Tjarnargata 12 ehf., Hljómahöll-veitingar ehf, Fasteignin sem hýsir hjúkrunarheimilið að Nesvöllum og Íslendingur ehf.

3.2 Rekstur málaflokka

Markmiðið með verklagi við fjárhagsáætlunargerð er að bæta meðferð fjármuna bæjarins og lágmarka frávik frá fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar er rammaáætlun þar sem málaflokkum og stofnunum eru veittar heildarfjárveitingar. Gengið er út frá því að stjórnendur sviða og stofnana hafi bestu forsendur til að vinna frekar úr þeim verkefnum sem ákveðið er að vinna og leita hagkvæmustu leiða til að framkvæma. Mikilvægt er að ákvarðanataka sé eins nálægt notendum þjónustunnar og við verður komið. Þannig verður ábyrgð skýrari og ákveðið athafnafrelsi myndast í rekstri málaflokka. Rammaáætlun byggir á samþyktri aðlögunaráætlun til og með ársins 2023. Fjárhagsáætlun bæjarins út tímabilið verður uppfærð aðlögunaráætlun.

Fræðslu- og uppeldismál eru sem fyrr langstærsti málaflokkurinn en útgjöld til fræðslumála nema 51% af heildarútgjöldum sveitarfélagsins. Útgjöld vegna velferðarþjónustu nema 13% af heildarútgjöldum, íþróttá- og tómstundamál 7%, umhverfis-, umferðar- og skipulagsmál 5%, menningarmál 4% og brunamál og almannavarnir taka til sín 2%. Sameiginlegur kostnaður nemur 5% af heildarútgjöldum en undir þennan málaflokk falla nefndir og ráð, rekstur ráðhúss, tölvu og upplýsingamál fyrir allar stofnanir, fjármálaskrifstofa, skrifstofa stjórnsýslu og Súlan verkefnastofa. Inni í þessum málaflokki er einnig utanumhald um framlög til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og framlög til byggingar nýs hjúkrunarheimilis. Útgjöld umhverfismiðstöðvar nema 2% og eignasjóðs nema 7%. Lífeyrisskuldbindingar nema 4% af heildarútgjöldum.



4. Forsendur fjárhagsáætlunar 2020 og langtímaáætlana

Forsendur fjárhagsáætlunar Reykjanesbæjar fyrir árin 2020 til og með 2023 eru eins og undanfarin ár að mestu leyti byggðar á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem birtist í byrjun júní 2019. Auk þess tók Samband íslenskra sveitarfélaga saman minnisblað í júní 2019 um forsendur og áherslur við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélaga árið 2020.

Úr minnisblaði Sambandsins frá júní 2019 um efnahgsskilyrði og kjaramál:

Þjóðhagsspá Hagstofu

Lög um opinber fjármál mæla sérstaklega fyrir um hagrænar forsendur í 8. gr. Segir þar m.a. að byggt skuli á traustum forsendum og gögnum, opinberum hagtölum og þjóðhagsspám. Lögð er áhersla á að gerð skuli grein fyrir forsendum sem byggt er á. Ástæða er til að leggja sérstaklega að sveitarfélögum að gera sem besta grein fyrir þeim



forsendum sem unnið er eftir og á það við hvort tveggja áætlun næsta árs og þriggja ára áætlun.

Í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlunar skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á. Síðasta spá stofnunarinnar (sumarspá) var birt 1. júní sl. Stofnunin mun birta vetrarspá sína um miðjan nóvember næstkomandi. Mun Hag- og upplýsingasvið draga upp minnisblað um helstu breytingar frá sumarspá og miðla til sveitarfélaga.

Í töflu 1 eru niðurstöður Hagstofu um þróun helstu þjóðhagsstærða árin 2018- 2022 raktar.

Tafla 1. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2018-2022

Hlutfallsleg magnbreyting milli ára, þ.e. umfram verðhækkanir, nema annað sé tekið fram.

	2019	2020	2021	2022	2023
Einkaneysla	2,4	2,8	3,0	2,8	2,6
Samneysla	1,9	1,3	1,5	1,9	2,4
Fjármunamyndun	-5,7	6,2	3,2	2,5	3,5
Atvinnuvegafjárfesting	-10,1	4,9	2,1	3,4	4,9
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	16,2	9	5,3	4,7	3,6
Fjárfesting hins opinbera	-3,5	7,6	4,6	-4,2	-2,1
Þjóðarútgjöld, alls	0,5	3,1	2,7	2,5	2,8
Útflutningur vöru og þjónustu	-2,5	2,5	2,8	2,6	2,5
Innflutningur vöru og þjónustu	-1,2	3,6	2,7	2,5	2,9
Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)	-0,2	2,6	2,7	2,6	2,6
Vöru- og þjónustujöfnuður, % af VLF	1,9	1,4	1,5	1,5	1,3
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	1,2	0,6	0,8	0,8	0,6
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,7	3,8	3,8	3,9	4,0
Vísitala neysluverðs (verðbólga)	3,4	3,2	2,6	2,6	2,6
Launavísitala	2,1	2,2	3,2	2,6	1,6

Hagvöxtur. Hagstofa Íslands gerir ráð fyrir litils háttar samdrætti landsframleiðslu, um -0,2%, árið 2019. Fyrri spá stofnunarinnar hljóðaði upp á 1,7% hagvöxt. Hagstofa reiknar með að hagvöxtur taki við sér strax á næsta ári og verði 2,6-2,7% næstu árin. Full ástæða er til að hafa efasemdunir um að þetta gangi eftir.

Hagstofan spáir að samdráttur verði í fjármunamyndun, einkum atvinnuveganna, en einka- og samneysla vaxi áfram. Þjóðarútgjöld telur hagstofan muni vaxa um 0,5%. Samdráttur landsframleiðslunnar stafar einkum af breyttum horfum um útflutning sem hagstofa telur að muni dragast saman um 2,5%.

Ferðapjónustan er orðin meginuppspretta gjaldeyristekna þjóðarbúsins og sú atvinnugrein sem skapað hefur langflest störf undanfarin ár. Vöxtur greinarinnar hefur verið ævintýrlegur, en nú virðist komið að vatnaskilum. Erfiðleikar flugfélagsins Wow air sem enduðu með gjaldþroti í lok mars sl. skipta sköpum. Landsbankinn gerir ráð fyrir að ferðamönnum muni fækka um 14% í ár og Arion banki um 16%. Þessir bankar eru nokkuð bjartsýnir um að úr rætist og reikna með 5% fjölgun á næsta ári og Landsbankinn spáir nærfellt 9% fjölgun árið 2021



og Arion banki 4%.

Visitala neysluverðs byggir á könnun á útgjöldum heimila og tekur þannig til vöru og þjónustu sem heimilin kaupa, þ.m.t húsnæði. Hagstofan gerir ráð fyrir að verðbólga vaxi lítillega næstu tvö árin, verði 3,4% í ár og 3,2% 2020 og um um 2½% síðustu ár spátímabilsins.

Flestir spáaðilar eru á svipuðu róli í mati á verðbólguhorfum, en Arion banki nokkuð svartsýnni og spáir meiri verðbólgu en hinir árin 2019 og 2020.

Gallup kannar fyrir Seðlabanka hvað heimili og forsvarsmanna stærstu fyrirtækja halda að verðbólga verði á næstunni. Í vorkönnun 2019 kom fram að heimili og fyrirtæki reikna með að eftir eitt ár yrði verðbólga meiri en Hagstofa spáir, eða um 4%.

Hækkun vísitölu neysluverðs má nota sem vísbendingu um almennar verðbreytingar, t.d. margvíslegrar rekstrarvöru. Hagstofa gerir ráð fyrir að heimsmarkaðsverð á olíu muni lækka um 5,3% í ár og um 1,6% á því næsta.

Húsnæðisverð. Undanfarin ár hefur húsnæðisverð verið afgerandi þáttur í hækkun neysluverðvísitölu. Hvorki hagstofa né seðlabanki birta spár um íbúðaverð. Viðskiptabankarnir þrír birta spár um raunbreytingu íbúðaverðs (þ.e. umfram hækkun neysluverðsvísitölu), sjá töflu 2. Taflan sýnir að bankarnir reikna með að úr verðhækkunum muni draga á næstu árum og jafnvel í þeim mæli að raunverð húsnæðis lækki umtalsvert eins og Arion banki spáir..

Gengi er lykilstærð í litlu opnu hagkerfi og ræður miklu um verðlagsþróun. Gengisþróunin hefur mikil áhrif á afkomu margra sveitarfélaga, einkum þar sem útflutningsstarfsemi er undirstaða atvinnulífs. Þótt skuldir A-hluta sveitarfélaga í erlendri mynt séu hverfandi, gegnir öðru máli um B-hluta fyrirtæki í ýmsum sveitarfélag.

Atvinna er undirstaða þjóðarbúskaparins. Samdráttur í efnahagslífinu kemur auðvitað fram í auknu atvinnuleysi. Hagstofan spáir að atvinnuleysi aukist úr 2,7% í fyrra í 3,7% í ár og fari líttilega hækkandi þegar líður á spátímabilið, verði um 4% árið 2024..

Launavísitala. Útsvarstekjur ráðast fyrst og fremst af þróun launatekna, en jafnframt vegur launakostnaður þungt í útgjöldum sveitarfélaga. Launaþróun er því afgerandi áhrifavaldur um fjármál sveitarfélaga. Hagstofan gerir ráð fyrir að launavísitalan í heild hækki um 5,6% 2019, 5,5% 2020 og um 5,9% árið 2021.

Aðrar spár. Sveitarfélögum ber að styðjast við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands þar sem við á. Hér að ofan hafa helstu niðurstöður sumarspár stofnunarinnar verið raktar. En einnig bent á nýrri spár annarra aðila. Þær spár eru um margt svartsýnni á þróun næstu missera en hagstofuspáin. Samkvæmt birtingaráætlun mun Hagstofan endurskoða spá sína og birta ekki fyrr en 1. nóvember nk. eða



sama dag og leggja skal fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn í síðasta lagi. Það er því nauðsynlegt fyrir sveitarfélögin að hafa hliðsjón af öðrum spám og fylgjast grannt með framvindu og horfum í efnahagsmálum. Í töflu 3 eru teknar saman spár banka og hagstofu um þróun lykilþátta.

Forsendur um tekjur

Hag- og upplýsingasvið mun að venju taka saman staðgreiðsluáætlun fyrir hvert og eitt sveitarfélag fyrir komandi ár með áætlun um eftirálagningu vegna ársins í ár. Gert er ráð fyrir að þessar upplýsingar verði birtar í október.

Á grundvelli spár Hagstofu Íslands um hækkun launavísitölunnar og áætlunar um mannár (fjöldi fólks í fullu starfi) áætlar fjármálaráðuneytið við undirbúning fjárlaga hver hækkun á tekjuskattsstofn kunnir að verða á þessu ári og næstu árum. Mannárum fjölgar hæggar en áður var gert ráð fyrir, en á móti er hækkun launavísitölu heldur meiri eftir 2020.

Þjóðskrá Íslands birti nýtt fasteignamat í byrjun júní sl. Það gildir í 12 mánuði frá og með 31. desember 2019. Lögum samkvæmt skal fasteignamat endurspegla gangverð fasteigna í febrúar á gildistökuári, nú 6. febrúar 2019. Í viðauka er að finna töflu sem sýnir fasteignamat eftir sveitarfélögum og flokkum eigna.

Fasteignamat fasteigna á landinu öllu hækkaði um 6,1% milli ára. Mat íbúðarhúsnæðis hækkaði um 6% og var hækkun meiri utan höfuðborgarsvæðisins (um 9,1%) en á því (5%). Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkaði um 6,9%, um 5,9% á höfuðborgarsvæðinu og 9,3% utan þess.

Sveitarfélögin hafa tekjur af margvíslegum þjónustugjöldum. Í tengslum við gerð lífskjarasamninganna í byrjun apríl sl. mæltist Samband Íslenskra sveitarfélaga til við sveitarfélögin að þau hækki ekki gjaldskrár frekar á þessu ári og stilli gjaldskrárhækkunum á næsta ári í hóf og takmarki við 2,5% og minna reynist verðbólga lægri.

Óvissa

Hagspá er sett fram sem breyting á föstu verðlagi með einum aukastaf sem gæti bent til að mikil óvissa sé um að spáin muni ganga eftir. Svo er þó ekki enda spár jafnan óvissu undirorpnar. Lítið opið hagkerfi eins og það íslenska býr og mun búa við meiri sveiflur en hagkerfi stærri ríkja. Sviðsmyndagreining er ein leið til að takast á við óvissuna og vera þannig tilbúinn fyrir fyrir annars konar þróun en spar gera ráð fyrir. Meðal helstu óvissuþátta um framvindu efnahagsmála á næstu árum má nefna:

- *Kjarasamningar.* Kjarasamningar náðust við stóran hluta á almennum vinnumarkaði í apríl mánuði og gilda til rösklega þriggja ára. Með samningunum dregur úr óvissu um launaþróun og verðbólgu. Enn er þó eftir að semja við opinbera starfsmenn og ýmis stéttarfélög almennum markaði.
- *Jöfnunarsjóður.* Óvíst er hver muni bera kostnað vegna nýgenginna



- dómsmála og þá hvert ráðstöfunarfé Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður.
- *Ferðapjónusta*. Fyrirliggjandi spár byggja á höflegri fjölgun ferðamanna á næstu árum. Í þessum eignum getur brugðið til beggja vona.
 - *Gengi krónunnar og verðbólga*. Gengisþróun er jafnan mikilli óvissu undirorpin og ekki á vísan að róa um spár þar að lútandi.
 - *Alþjóðleg efnahagsþróun*. Óvissa er mikil m.a. um þróun alþjóðaviðskipta og niðurstöðu útgöngu Breta úr ESB.
 - *Olíuverð*. Spár gera ráð fyrir verðhækkun næstu 2 árin. Óvissan er töluverð og tengist ekki síst spennu í alþjóðastjórnámálum.
 - *Sjávarútvegur*. Ekki er á vísan að róa um aflabrögð, einkum er varðar uppstjórvarfiska s.s. loðnu.

Kjaramál

Kjarasamningar við fjölmenn stéttarfélag á almennum markaði voru gerðir í byrjun apríl, sk. lífskjarasamningar. Gilda samningarnir til 1. nóvember 2022. Flestir samningar á opinbera vinnumarkaðnum runnu út í lok mars sl. Samningur við Félag grunnskólakennara þó í júnílok.

Sambandið gerði í byrjun júlí samkomulag við BSRB og BHM og nokkra minni hópa um endurskoðun á viðræðuáætlun og stefnt að samningum fyrir miðjan september nk. Í samkomulaginu felst að félagsmenn í þessum bandalögum fá greiðslur upp í komandi kjarasamninga þann 1. ágúst. Þá hefur sérstakt samkomulag hefur verið gert við þau aðildarfélag BHM sem samið hafa um starfsmat. Viðræðuáætlanir þeirra ná fram til 15. nóvember og vegna þess eru greiddar tvær eingreiðslur. Staða viðræðna við aðra aðila, s.s. ASÍ félag og KÍ, er með þeim hætti að ekki er grundvöllur fyrir samkomulag af þessu tagi.

Fjármálareglur

Tvær fjármálareglur voru lögfestar í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011. Þær eru jafnvægisregla og skuldaregla. Eftirlitsnefnd sveitarfélaga hefur eftirlit með að sveitarfélagin fari eftir þeim. Fjármálareglurnar eru:

Jafnvægisreglan. Samanlögð heildarútgjöld A- og B- hluta til rekstrar séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Skuldareglan. Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta séu ekki hærrí en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Jafnvægisreglan kveður á um að samanlögð niðurstaða fyrir næstliðið ár, áætluð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár og fjárhagsáætlun fyrir næsta ári sé jákvæð fyrir samtæðuna. Í þessu felst að niðurstaða fjárhagsáætlunar næsta árs sé í reynd gefin stærð.

Mikilvægt er að setja upp nákvæma áætlun um þróun skulda og skuldbindinga hjá



samstæðu sveitarfélags í samanburði við áætlaðar tekjur þess.

Frekari grein er gerð fyrir þessum reglum í Reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 458/2018.

Sveitafélagið tók tillit til ofangreindra atriða við gerð fjárhagsáætlunar 2020 til og með 2023 auk þess að líta til aðlögunaráætlunar út árið 2022.


4.1 Þróun skatttekna A-hluta

Skatttekjur hafa aukist milli ára. Útvarsprósenta var lækkuð á árinu 2018 úr 15,05% í 14,52%. Í meðfylgjandi frumvarpi að fjárhagsáætlun 2020 er gert ráð fyrir að útvarsprósenta haldist óbreytt frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignaskatts á húsnæði í A flokki lækki úr 0,36% niður í 0,32% og í C flokki lækki hlutfallið úr 1,65% í 1,60%. Fasteignamat húsnæðis í Reykjanesbæ mun hækka um 8,6% milli árunna 2019 og 2020. Þessi breyting hefur þau áhrif að álagning fasteignaskatta er innan ramma aðlögunaráætlunar í krónutölu. Útkomuspá 2019 vegna útsvarstekna er töluvert hærri en áætlun gerði ráð fyrir og helgast það af leiðréttingu frá árinu 2018 sem kom í október 2019.

	Rauntölur árið 2015	Rauntölur árið 2016	Rauntölur árið 2017	Rauntölur árið 2018	Spá 2019	Rammar 2020
Útsvar	6.242.640.710 19%	7.315.775.545 17%	8.975.877.256 23%	9.856.346.511 10%	10.658.399.000 19%	10.649.127.000 0%
Fasteignaskattur	Rauntölur árið 2015 1.166.842.081 27%	Rauntölur árið 2016 1.288.442.166 10%	Rauntölur árið 2017 1.411.519.456 10%	Rauntölur árið 2018 1.559.015.001 10%	Álagning 2019 1.786.647.965 27%	Rammar 2020 1.823.000.000 2%
Jöfnunarsjóður	Rauntölur árið 2015 1.964.842.081 9%	Rauntölur árið 2016 2.316.798.248 18%	Rauntölur árið 2017 2.440.628.630 5%	Rauntölur árið 2018 2.579.441.136 6%	Spá 2019 2.225.000.000 -9%	Rammar 2020 2.341.000.000 5%
Lóðarleiga	Rauntölur árið 2015 165.051.562 7%	Rauntölur árið 2016 191.902.157 16%	Rauntölur árið 2017 213.477.925 11%	Rauntölur árið 2018 241.970.816 13%	Álagning 2019 240.618.642 13%	Rammar 2020 280.000.000 16%
Samtals skatttekjur Breyting milli ára	9.539.376.434 17%	11.112.918.116 16%	13.041.503.267 17%	14.236.773.464 9%	14.910.665.607 14%	15.093.127.000 1%
Íbúafjöldi	15.233	16.359	17.795	18.930	19.500	19.890
Skatttekjur/íbúa	Árið 2015 626.231	Árið 2016 679.315	Árið 2017 732.875	Árið 2018 752.075	Rammar 2018 764.650	Rammar 2019 758.830
Útsvar/íbúa	409.810	447.202	504.404	520.673	546.585	535.401

4.2 Íbúafjölgun

Íbúum Reykjanesbæjar hefur fjölgað mikið á undanförunum árum en gert er ráð fyrir mun hægari vexti á næstu árum. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2020 er gert ráð fyrir að íbúar verði um 19.500 í lok árs 2019 og að íbúafjölgun verði 2,0% árin 2020 – 2023. Í dag 18. nóvember 2019 eru íbúar bæjarins orðnir 19.403.



4.3 Þróun launakostnaðar A-hluta

Í forsendum að fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 1% launaskriði vegna m.a. starfsaldurs. Settar voru inn kjarasamningshækkningar skv. gildandi kjarasamningum. Einnig var tekið tillit til fjölgunar stöðugilda sem einkum skýrist af aukinni þörf á þjónustu í skólakerfinu vegna mikillar íbúafjölgunar og eins vegna nýrra nefnda. Ný stöðugildi sem er bein afleiðing af nýrri stefnu og skipulagsbreytingum eru; Forstöðumaður Súlunnar, en á móti kemur að ekki hefur verið ráðið í starf menningafulltrúa, lýðheilsufulltrúi, breytingarstjóri þjónustu og þróunar rafrænnar stjórnsýslu, en stefnt er að sameiningu þjónustuværs og hluta tölvudeildar til að mæta kröfum um rafræna stjórnsýslu, aðstoðarmaður bæjarstjóra en allt til ársins 2015 var starfandi ritari bæjarstjóra hjá Reykjaneshæ og var ekki ráðið í þá stöðu aftur. Ný nefnd og ráð sem um ræðir, eru Framtíðarnefnd, Lýðheilsuráð og Öldungaráð.

	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Spá 2019	Rammi 2020
Laun og launat.gj.	3.825	4.158	4.624	5.069	5.353	6.426	6.622	7.160	8.030
Lífeyrisskuldbinding	188	307	489	507	1.021	879	570	550	607
Samtals	4.013	4.465	5.113	5.576	6.374	7.305	7.192	7.710	8.637
Fjöldi stöðugilda	649	680	708	712	718	748	791		
Starfsmannafjöldi	761	797	809	720	728	877	927		

Skv. minnisblaði Sambands íslenskra sveitarfélaga eru fjölmargir kjarasamningar lausir og því ekkert í hendi um launahækkningar. Við gerð frumvarps að fjárhagsáætlun Reykjaneshæjar 2020 var farið að tillögum sambandsins og launahækkningar áætlaðir í samræmi við áætlaða hækkun launavísitölu.

Samkvæmt árshlutauppgjöri fyrir fyrstu 9 mánuði ársins er launakostnaður eftirfarandi:



Laun og launatengd gjöld

0

Málaflokkur	Rauntölur	Áætlun	Mismunur		Ársáætlun	Eftirstöðvar
02 Velferðarþjónusta	844.882.862	878.678.641	33.795.779	4,0%	1.171.746.000	326.863.138
04 Fræðslu- og uppeldismál	3.461.931.284	3.397.705.545	(64.225.739)	-1,9%	4.613.968.000	1.152.036.716
05 Menningarmál	160.350.662	160.465.004	114.342	0,1%	219.542.000	59.191.338
06 Íþróttá- og tómstundamál	268.862.473	266.260.006	(2.602.467)	-1,0%	369.266.000	100.403.527
07 Brunamál og almannavarnir	0	0	0	0,0%	0	0
08 Hreinlætismál	0	0	0	0,0%	0	0
09 Skipulags- og byggingarmál	71.815.849	72.366.820	550.971	0,8%	97.506.000	25.690.151
10 Umferðar- og samgöngumál	0	0	0	0,0%	0	0
11 Umhverfismál	0	0	0	0,0%	0	0
13 Atvinnumál	12.187.531	22.817.000	10.629.469	87,2%	30.850.000	18.662.469
21 Sameiginlegur kostnaður	310.520.394	310.848.510	328.116	0,1%	526.820.000	216.299.606
31 Eignasjóður	21.100.753	22.285.000	1.184.247	5,6%	30.387.000	9.286.247
33 Umhverfismiðstöð	166.775.911	169.753.650	2.977.739	1,8%	202.207.000	35.431.089
Samtals	5.318.427.719	5.301.180.176	(17.247.543)	-0,3%	7.262.292.000	1.943.864.281

4.4 Þróun annars rekstrarkostnaðar A-hluta

	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Spá 2019	Rammi 2020
Vöru- og þjónustukaup	2.427	2.886	3.058	2.894	3.066	3.263	3.692	4.054	4.625
Styrkir	1.372	1.560	1.586	1.501	1.448	1.145	1.254	1.400	1.513
Samtals	3.799	4.446	4.644	4.395	4.514	4.408	4.946	5.454	6.138
Hækkun milli ára		17%	4%	-5%	3%	-2%	12%	10%	13%

Annar rekstrarkostnaður samkvæmt árshlutauppgjöri fyrstu 9 mánuði ársins án millifærslna er eftirfarandi:

Vöru- og þjónustukaup

Málaflokkur	Rauntölur	Áætlun	Mismunur		Ársáætlun	Eftirstöðvar
02 Velferðarþjónusta	543.431.879	544.699.252	1.267.373	0,2%	752.969.000	209.537.121
04 Fræðslu- og uppeldismál	1.681.221.765	1.758.823.183	77.601.418	4,6%	2.355.563.000	674.341.235
05 Menningarmál	235.103.669	247.491.518	12.387.849	5,3%	345.133.000	110.029.331
06 Íþróttá- og tómstundamál	464.389.244	463.596.000	(793.244)	-0,2%	649.188.000	184.798.756
07 Brunamál og almannavarnir	1.195.200	1.351.000	155.800	13,0%	1.500.000	304.800
08 Hreinlætismál	44.109	2.747.000	2.702.891	0,0%	3.000.000	2.955.891
09 Skipulags- og byggingarmál	81.022.098	43.497.000	(37.525.098)	-46,3%	67.494.000	(13.528.098)
10 Umferðar- og samgöngumál	348.137.231	339.832.000	(8.305.231)	-2,4%	505.000.000	156.862.769
11 Umhverfismál	87.174.534	82.547.000	(4.627.534)	-5,3%	133.900.000	46.725.466
13 Atvinnumál	7.807.592	3.821.000	(3.986.592)	0,0%	9.250.000	1.442.408
21 Sameiginlegur kostnaður	224.791.820	233.708.638	8.916.818	4,0%	407.080.000	182.288.180
31 Eignasjóður	550.909.815	549.659.000	(1.250.815)	-0,2%	675.423.000	124.513.185
33 Umhverfismiðstöð	21.536.955	28.550.000	7.013.045	32,6%	46.143.000	24.606.045
Samtals	4.246.765.911	4.300.322.591	53.556.680	1,3%	5.951.643.000	1.704.877.089

Styrkir og framlög samkvæmt árshlutauppgjöri fyrstu 9 mánuði ársins án millifærslna eru eftirfarandi:



Styrkir og framlög

Málaflokkur	Rauntölur	Áætlun	Mismunur		Ársáætlun	Eftirstöðvar
02 Velferðarþjónusta	250.034.675	251.496.001	1.461.326	0,6%	316.500.000	66.465.325
04 Fræðslu- og uppeldismál	153.836.022	187.133.920	33.297.898	21,6%	248.310.000	94.473.978
05 Menningarmál	16.892.090	17.974.000	1.081.910	6,4%	5.000.000	(11.892.090)
06 Íþrótt- og tómstundamál	217.326.437	204.190.000	(13.136.437)	-6,0%	250.000.000	32.673.563
07 Brunamál og almannavarnir	199.508.303	200.745.000	1.236.697	0,6%	268.500.000	68.991.697
08 Hreinlætismál	226.934.547	238.187.000	11.252.453	5,0%	317.000.000	90.065.453
09 Skipulags- og byggingarmál	3.937.500	3.933.000	(4.500)	-0,1%	874.000	(3.063.500)
10 Umhverðar- og samgöngumál	16.289.065	17.162.000	872.935	5,4%	9.045.000	(7.244.065)
11 Umhverfismál	39.219.032	32.091.000	(7.128.032)	-18,2%	11.100.000	(28.119.032)
13 Atvinnumál	8.627.517	12.285.000	3.657.483	42,4%	12.400.000	3.772.483
21 Sameiginlegur kostnaður	44.079.591	73.696.000	29.616.409	67,2%	178.280.000	134.200.409
31 Eignasjóður	3.255.933	1.225.000	(2.030.933)	-62,4%	250.000	(3.005.933)
33 Umhverfismiðstöð	2.601.828	2.353.000	(248.828)	-9,6%	551.000	(2.050.828)
Samtals	1.182.542.540	1.242.470.921	59.928.381	5,1%	1.617.810.000	435.267.460

4.5 Fjárfestingaráætlun – stofnframkvæmdir

Áætlað er um 450 m.kr. fari í framkvæmdir ár hvert skv. aðlögunaráætlun 2019 til og með 2022, en óskað hefur verið eftir aukinni heimild til fjárfestinga um 250 m.kr. í 700 m.kr. og erindi þess efnis hefur verið sent til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga til samþykktar. Ef það samþykki fæst hjá eftirlitsnefndinni, er gert ráð fyrir að lagður verði gervigrasvöllur við Reykjaneshöll, en kostnaðaráætlun þess verks er um 250 m.kr. Sviðsstjórar hafa komið sér saman um áherslur næsta árs og kynnt í ráðum. Huga þarf að almennum rekstri og viðhaldi á eignum bæjarins í framtíðinni. Lágmarks viðhald til lengri tíma getur haft áhrif á verðgildi eigna og þar með eignastöðu Reykjanesbæjar. Í fjárfestingaráætlun 2020 er meðal annars gert ráð fyrir að gera upp útisvæði við Sundmiðstöðina og nemur kostnaðaráætlun þess verks 200 m.kr.



Fjárfestingaáætlun 2020	
Fasteignir	Áætlaður kostnaður
Gera #643 klárt til notkunar	5,000,000
Útisvæði sundmiðstöð	200,000,000
Ásbrú - spark og körfuboltavöllur	30,000,000
Hreystigarður við Heiðarskóla	20,000,000
Ýmislegt	255,000,000
Strandleið	25,000,000
Seltjörn - nýtt útivistarsvæði	20,000,000
Stapastígur	25,000,000
Njarðvíkurskógar	25,000,000
Hringbraut - fjölskyldugarður	30,000,000
Hiti í æfingarhúsnæði UMFN og fl.	10,000,000
Gamla búð - lóðarfrágangur	10,000,000
Fráveita	145,000,000
Faxabraut - Sólvallargata	17,000,000
Undirbúningur verkefna	17,000,000
Hönnunarverkefni og fl.	15,000,000
Ófyrirséð	8,000,000
	23,000,000
Samtals	450,000,000

4.6 Reykjaneshöfn

Samdráttur er í tekjum Reykjaneshafnar á milli árána 2018 og 2019 sem skýrast einkum af minni tekjum vegna vörugjalda. Undanfarin ár hefur verið sett í fjárhagsáætlanir hafnarinnar tekjur og útgjöld vegna samnings við Thorsil ehf. sem eru nettó 408 m.kr. en það er mat stjórnar Reykjaneshafnar og hafnarstjóra að líkur á þessum nettótekjum á árinu 2020 séu minni en meiri og því voru þær ekki settar fram í áætlun fyrir 2020.

4.7 H.S. veitur ehf.

Eignarhlutur Reykjaneshafnar í H.S. veitum ehf. er 50,1% og er því tekið hér með sem B-hlutafyrirtæki. Áætlað er að fjárfestingar félagsins verði verulegar á næstu árum en félagið ræður vel við greiðslubyrði lána af rekstri. Einnig er vakin athygli á því að í umfjöllun hér að framan um skuldaviðmið, eru rekstur og staða H.S. veitna einnig tekin með. Eins og fyrr hefur verið nefnt er nú skv. ákvæði reglugerðar nr. 458/2018 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga er sveitarfélaginu nú heimilt að undanskilja H.S. veitur úr skuldaviðmiði. Það er ekki gert í þeim yfirlitum sem lögð eru hér fram en ljóst að sú aðgerð hefur veruleg áhrif til lækkunar skuldaviðmiðs.

4.8 Fráveita Reykjaneshafnar

Í framkvæmdaáætlun Fráveitu Reykjaneshafnar árið 2020 er gert ráð nauðsynlegum framkvæmdum að fjárhæð um 150 m.kr. Á árunum 2021 og 2022 er gert ráð fyrir aukningu í fjárfestingum Fráveitunnar einkum vegna nýrrar skolphreinsistöðvar í Keflavík. Á þessum árum er gert ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 1.100 m.kr.

Gerðar hafa verið ástandskannanir á lögnum bæjarins og ljóst er að margar hverjar þurfa talsvert viðhald og endurnýjun. Ásbrú er komin inn sem hluti af fráveitukerfi bæjarins og er það töluverð aukning á lögnum. Lagt hefur verið í sjóð til að mæta brýnni þörf fyrir fjárfestingar á næstu árum.



4.9 Aðrar B–hluta stofnanir

Aðrar B–hluta stofnanir eru Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf., Íslendingur ehf., Hjúkrunarheimilið Nesvellir, Framkvæmdasjóður aldraðra, Hljómahöll veitingar ehf. og Tjarnargata 12 ehf.

Íslendingur ehf., er samstæða Íslendings ehf. og Útlendings ehf. en í júní 2015 var gengið frá leigusamningi vegna starfsemi í húsnæði Útlendings ehf. með kaupréttarákvæði eftir 5 ár. Gert er ráð fyrir sölu á húsnæði að Víkingabraut 1 sem er í eigu Útlendings ehf. á árinu 2020.

Rekstur þessarra B– hluta stofnana er í jafnvægi og hafa óveruleg áhrif á fjárhagsáætlunina.

5.Ytri fjárhagslegar áhættur A–hluta

Dæmi um ytri fjárhagslegar áhættur:

- Verðbólguáhætta – t.d. verðbólga og vextir
- Vinnumarkaðsáhætta – t.d. verkföll og atvinnuleysi
- Skuldabréfaáhætta – t.d. mótaðilaáhætta
- Lausafjáraáhætta – t.d. er til fjármagn til greiðslu reikninga og afborgana lána
- Áhættur vegna fjárhagslegra samskipta við ríkið – t.d. málefni fatlaðra, hækkun / lækkun tryggingagjalds
- Aðrir óvissuþættir – t.d. útsvarstekjur, fasteignagjöld, fjárhagsaðstoð ofl



6. Forsenduyfirlit langtímaspár:

Forsenduyfirlit langtímaspár - rekstrartekjur					
	Útkomuspá	Fjárhagsáætlun	Þriggja ára áætlun		
	2019		2021	2022	2023
Skatttekjur					
Íbúafjöldun	Áætluður íbúafjöldi	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%
	19.500	19.890	20.288	20.694	21.107
Atvinnuleysi	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt
Aldurssamsetning íbúa	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt
Útsvarshlutfall	>14,52%	Óbreytt hlutfall	Óbreytt hlutfall	Óbreytt hlutfall	Óbreytt hlutfall
Fasteignaskattur	A flokkur 0,36% B flokkur 1,32% C flokkur 1,65%	A flokkur 0,32% B flokkur 1,32% C flokkur 1,60%	Óbreytt hlutföll	Óbreytt hlutföll	Óbreytt hlutföll
Gatnagerðargjöld	500 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum	1.000 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum	1.000 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum	500 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum	500 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum
Verðlag - launavísitala skv. þjóðhagsspá		5,9%	4,6%	4,3%	4,2%
Verðlag - neytluvísitala skv. þjóðhagsspá		2,9%	2,7%	2,6%	2,5%
Framlög jöfnunarsjóðs					
Framlög	Án framlags	Óbreytt frá fyrra ári auk hækkun vísitölu	Óbreytt frá fyrra ári auk hækkun vísitölu	Óbreytt frá fyrra ári auk hækkun vísitölu	Óbreytt frá fyrra ári auk hækkun vísitölu
Verðlag - neytluvísitala skv. þjóðhagsspá		2,9%	2,7%	2,6%	2,5%
Aðrar tekjur og óreglulegir liðir:					
Gjaldskrár	Skv. gildandi skrá	Hámark 2.5% hækkun	Óbreyttar	Óbreyttar	Óbreyttar
Verðlag - neytluvísitala skv. sáttmála		2,5%	2,5%	2,5%	2,5%



Forsenduyfirlit langtímaspár - rekstrargjöld

	2019	2020	2021	2022	2023
Laun og launatengd gjöld					
Kjarasamningar	Í samræmi við gildandi samninga	Í samræmi við gildandi samninga haust 2019	Í samræmi við gildandi samninga haust 2019	Í samræmi við gildandi samninga haust 2019	Í samræmi við gildandi samninga haust 2018
Stöðugildi	Viðbót vegna skipulagsbreytinga	Viðbót vegna íbúafjölgunar - nýr grunnskóli	Viðbót vegna nýr grunnskóli	Óbreytt frá fyrra ári	Óbreytt frá fyrra ári
Verðlag - launavísitala skv. þjóðhagsspá		5,9%	4,6%	4,3%	4,2%
Annar rekstrarkostnaður					
Hagræðing	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir
Verðlag - neysluvísitala skv. þjóðhagsspá	2,7%	2,9%	2,7%	2,6%	2,5%
Fjármagnsliðir					
Vextir	Samkvæmt gildandi lánasamningum	Samkvæmt gildandi lánasamningum	Samkvæmt gildandi lánasamningum	Samkvæmt gildandi lánasamningum	Samkvæmt gildandi lánasamningum
Verðlag - neysluvísitala skv. þjóðhagsspá	2,7%	2,9%	2,7%	2,6%	2,5%



Forsenduyfirlit - efnahagur

	2019	2020	2021	2022	2023
Eignabreytingar					
Sala og tilfærslur fastafjármuna		Víkingabraut 1 Sala 200 m.kr.			
Langtímakröfur	Sala á FORK og ný krafa krafa að sömu fjárhæð á EFF	Kaup eigna af EFF með langtímakröfu	Í samræmi við ársreikning 2019	Í samræmi við ársreikning 2019	Í samræmi við ársreikning 2019
Fjárfestingar					
Gatnagerð	500 m.kr.	1.000 m.kr.	1.000 m.kr.	500 m.kr.	500 m.kr.
Eignasjóður	Grunnfjárf. 450 m.kr. Grunnskóli 1. áfangi 1.000 m.kr.	Grunnfjárf. 700 m.kr. Grunnskóli 1. áfangi 2.000 m.kr.	Grunnfjárf. 700 m.kr. Grunnskóli 1. áfangi 650 m.kr.	Grunnfjárf. 700 m.kr. Grunnskóli 2. áfangi 650 m.kr.	Grunnfjárf. 700 m.kr. Grunnskóli 2. áfangi 650 m.kr.
Reykjaneshöfn	65 m.kr.	48 m.kr.	125 m.kr.	142 m.kr.	155 m.kr.
HS Veitur hf.	Í samræmi við áætlun framkvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun framkvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun framkvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun framkvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun framkvæmdastjóra
Fráveita	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Fjárfesting - dælustöð 650 m.kr.	Fjárfesting - dælustöð 550 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.
Hjúkrunarheimili		Framlag til fjárfestingar 50 m.kr.	Framlag til fjárfestingar 100 m.kr.	Framlag til fjárfestingar 150 m.kr.	
Afborganir langtímaskulda og skuldbindinga					
Samkomulag vegna EFF:	Leigugreiðslur í samræmi við samninga	Leigugreiðslur í samræmi við samninga	Leigugreiðslur í samræmi við samninga	Leigugreiðslur í samræmi við samninga	Leigugreiðslur í samræmi við samninga
Nýjar lántökur		Endurfjármögnun EFF 4.000 m.kr.	Endurfjármögnun EFF 4.000 m.kr.		
Afborganir annarra langtímaskulda	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2019	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2019	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2019	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2019	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2019
Leigusamningar aðrir en EFF	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga
Lífeyrisskuldbindingar	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2018	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2018	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2018	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2018	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2018
Annað					
EFF	Í samræmi við gildandi lánasamninga	Í samræmi við gildandi lánasamninga	Í samræmi við gildandi lánasamninga	Í samræmi við gildandi lánasamninga	Í samræmi við gildandi lánasamninga
HS Veitur (arður / lækkun hlutfjár)	500 mkr lækkun hlutfjár og RNB fær 50,1% af því	500 mkr lækkun hlutfjár og RNB fær 50,1% af því			